

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 233/2014

2015/EES/52/25

frá 24. október 2014

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 278/2014 frá 19. mars 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlitun, samræmingu og einföldun á notkun snefilgreiningartækja fyrir sprengiefni <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/1200/ESB frá 5. mars 2014 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/1635/ESB frá 17. mars 2014 um breytingu á ákvörðun 2010/774/ESB að því er varðar nánari útlitun, samræmingu og einföldun á notkun snefilgreiningartækja fyrir sprengiefni.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010):  
„– **32014 R 0278**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 278/2014 frá 19. mars 2014 (Stjtið. ESB L 82, 20.3.2014, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 66hf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C (2010) 774 lokaútgáfa):  
„– **32014 D 1200**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/1200/ESB frá 5. mars 2014 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst,  
– **32014 D 1635**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/1635/ESB frá 17. mars 2014 um breytingu á ákvörðun 2010/774/ESB að því er varðar nánari útlitun, samræmingu og einföldun á notkun snefilgreiningartækja fyrir sprengiefni.“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 278/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 82, 20.3.2014, bls. 3.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kurt Jäger***

formaður.